

Meðfylgjandi eru skýringar stjórnar HRFÍ við athugasemdir félagskjörins skoðunarmanns, Péturs Alans Guðmundssonar, við rekstrar- og efnahagsreikninga fyrir samstæðuna HRFÍ og Ra ehf. Gert á stjórnarfundum 13. maí við áritun stjórnar á ársreikninga félagsins eftir áritun félagskjörinna skoðunarmanna og löggilts endurskoðanda.

- **Athugasemd** um að allar greiðslur fyrir þjónustu og aðföng skulu fást á löglegum reikningum móttakenda *greiðslna þá er eingöngu greiðslur framkvæmdar gegn reikningi eða verksamningi.*

Skýring: Eingöngu er greitt fyrir þjónustu eða aðföng gegn reikningi eða öðrum lögmætum frumgögnum samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um bókhald nr. 145 frá 1994. Prentaður hefur verið tölvupóstur um samningsgreiðslu og settur með fylgiskjölum bókhalds eftir athugasemd skoðunarmanns.

- **Athugasemd varðandi afskrift á eignfærðu vefkerfi að upphæð kr.3.603.299**

Skýring: Stjórn HRFÍ tók þá ákvörðun þegar vinna hófst við nýtt vefkerfi að eignfæra allan kostnað m.a. til að sýna félagsmönnum á skýran hátt hve miklu fé var varið í kerfið. Þetta vefkerfi er ekki fullklárað og þ.a.l. ekki komið í notkun. Nokkur óvissa er um framtíð kerfisins og meðan sú óvissa er uppi var ákveðið að bíða með að afskrifa kerfið.

- **Athugasemd** varðandi það að birtur hagnaður vegna skuldaniðurfellingar sé villandi fyrir hinn almenna félagsmann.

Skýring: Ra ehf. er hluti af samstæðunni og því verður skuldaniðurfelling að koma inn í sameiginlegan rekstrarreikning. Afskriftir hjá Ra ehf. eru fullnýttar af skattalegum ástæðum. Eins og ársreikningur HRFÍ ber með sér var hagnaður félagsins 9.526.961 kr. Hluti skýrist af viðbótarframlagi félagsmanna uppá 2.825.000 kr.

- **Athugasemd** um að endurmeta húsnæði HRFÍ og færa það nær raunverðmæti.

Skýring: Húsnæði félagsins er fært í samstæðureikningi á kaupverði hlutabréfanna í Ra ehf. auk kostnaðar við endurbætur samtals 41.8 milljón kr. Stjórn félagsins fékk áætlað markaðsverðmat á húsnæðið í nóvember 2012 að upphæð 29,5 milljón kr. Þegar unnið var að niðurfellingu láns, sem hvíldi áður á 2. veðr. eignarinnar en hefur nú verið fellt niður. Fyrir liggur að fasteignaverð á atvinnuhúsnæði á þessu svæði hefur hækkað og eflaust rétt að taka tillit til þess í næsta uppgjöri.

- **Athugasemd varðandi aðkomu félagskjörins skoðunarmanns að bókhaldi félagsins.**

Skýring: Félagskjörinn skoðunarmaður er kosinn á aðalfundi og er í reynd fulltrúi félagsmanna sem ekki hafa aðgang að bókhaldi félagsins. Með áritun sinni á ársreikninginn gefur hann félagsmönnum skýrslu um athugun sína á bókhaldi og bókhaldsgögnum og hvort ársreikningur gefi skýra mynd af starfsemi félagsins. Ekki gerð krafa um sérstaka bókhaldskunnáttu félagskjörins skoðunarmanns, en áður en skoðunarmaður áritar ársreikninginn ber honum að yfirfara hann og fullvissa sig um að eignir þær sem þar eru tilgreindar séu raunverulega fyrir hendi. Skal hann kanna bókhaldsgögn og sannreyna að t.d. bankainnstæður og verðbréf og kröfur séu fyrir hendi, svo og lausafé og fasteignir, ef svo ber við. Þá ber honum að kanna tilvist og uppruna skulda m.a. með athugun lánskjala og greiðsluseðla. Varðandi rekstrarreikning fer það eftir starfsemi félagsins á hvern hátt gögn um tekjur og gjöld eru sannprófuð. En mikilvægast er það ákvæði að skoðunarmaður skal kanna hvort stjórn og þar með talinn gjaldkeri hafi farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði er varða reksturinn. Skoðunarmanni ber að gera athugasemdir ef t.d. einstakir kostnaðarliðir reynast ekki vera í samræmi við tilgang félagsins eða ávöxtun fjármuna hefði getað verið betri, t.d. óeðlilega há sjóðsstaða (peningaeign) á reikningsárinu o.s.frv. Komist skoðunarmaður að því við athugun sína að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrsla stjórnar eða upplýsingar séu villandi, eða fyrir liggja atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð, skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Ef félagskjörinn skoðunarmaður telur þörf á því einhverra hluta vegna að fá aðgang að bókhaldi félagsins á einhverjum tíma á hann að sjálfsögðu rétt á því.